

**3478. fundur bæjarráðs, haldinn á Garðavöllum,
25. nóvember 2021 og hófst hann kl. 10:20.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2109141 - Akranes Guesthouse - rekstrarleyfi

Umsagnarbeiðni Sýslumannsins á Vesturlandi vegna umsóknar NH-2 ehf. um rekstrarleyfi fyrir gistiheimilis í flokki II að Stílholti 23.

Umsagnir slökkviliðsstjóra og byggingarfulltrúa Akraneskaupstaðar liggja fyrir.

Bæjarráð, með vísan til umsagnar byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra, gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis til umsækjanda.

Samþykkt 3:0

2. 2012120 - Slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu - uppsögn á samningi um gagnkvæma aðstoð vegna útkalla

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 8. nóvember s.l. að leggja til við bæjarráð að samþykkja fyrirbyggjandi samstarfssamninga við SHS, sem lúta að mengunaróhöppum og gagnkvæmri aðstoð. Ofangreindir samningar taka við af eldri samningi um gagnkvæma aðstoð vegna útkalla.

Bæjarráð samþykkir samstarfssamninga Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um samstarf vegna mengunaróhappa annars vegar og um gagnkvæma aðstoð hins vegar og vísar samningnum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.

Samþykkt 3:0

3. 2103033 - Menningarstefna Vesturlands 2021-2025

Drög að menningarstefnu Vesturlands til samþykktar.

Bæjarráð vísar menningarstefnu Vesturlands til umsagnar í menningar- og safnarnefnd og bæjarstjórnar Akraness til samþykktar.

Samþykkt 3:0

4. 2102057 - Mánaðaryfirlit 2021

Mánaðaryfirlit janúar til október 2021

Lagt fram.

5. 2111158 - Tónlistarskólinn - endurskoðun hagræðingarkröfu

Erindi Tónlistarskólans um endurskoðun á hagræðingarkröfu frá 2021.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins sem verður til formlegrar afgreiðslu bæjarráðs þann 2. desember næstkomandi.

Samþykkt 3:0

6. 2111097 - Reglur 2022 - afsláttur af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega

Reglur um afslátt fasteignagjalda eldri borgara og öryrkja 2022.

Tillaga deildarstjóra fjármála um afsláttarreglur fasteignagjalda eldri borgara og öryrkja á árinu 2022.

Bæjarráð samþykkir reglur Akraneskaupstaðar um afslátt af fasteignagjöldum eldri borgara og öryrkja á árinu 2022 og vísar til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.

Samþykkt 3:0

7. 2111193 - Leikskólar í desember - afsláttur

Afsláttur af leikskólagjöldum í desember vegna frídaga.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og kanna mögulega útfærslu á slíku fyrirkomulagi í samstarfi við sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og leikskólastjóranna.

Samþykkt 3:0

8. 2106179 - Fjárhagsáætlun 2022 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023-2025

Áframhaldandi vinna við fjárhagsáætlun 2022 (2023-2025).

RÓ vikur af fundi undir hluta umræðunnar og ÓA kemur þá inn á fundinn í hennar stað.

Áframhaldandi vinna við fjárhagsáætlun verður á aukafundi bæjarráðs þann 2. desember næstkomandi.

Afgreiðslu frestað.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:25.

Eisa Lára Annarsdóttir.

Valgerður S. Jónsdóttir

Rannveig Gunnarsdóttir

Sam Steinar Þórisson

Steinar Hleifsson